



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Tillögur um betri nýtingu á tíma og fjármunum Reykjavíkurborgar

1. Endurskoða matsviðmið fyrir heimaþjónustu

Áður en gerð verður grein fyrir endurskoðuðu matsviðmiði fyrir heimaþjónustu, líkt og kom fram í hagræðingartillögum Reykjavíkurborgar, er vert að nefna að innleiddar voru nýjar reglur í ársbyrjun 2026. Breytingin felur annarsvegar í sér hækkað gjald fyrir umfangsmeiri þrif og hins vegar að nú er rukkað fyrir hvert skipti í staðinn fyrir klukkustundir.

Nokkrar tillögur bárust um hagræðingu í heimaþjónustu og sneru þær flestar að tekjutengingu við gjalddöku vegna þrifa og rukkun fyrir umfangsmeiri þrif. Skoðuð var tekjutenging til þess að bæta nýtingu fjármuna og tryggja markvissari tekjuöflun. Með tekjutenginu er átt við að einstaklingar yfir ákveðnum tekjumörkum greiða raunkostnað fyrir þrif en einstaklingar innan vissra tekjumarka njóta afsláttar eða gjaldfellingar. Á árinu 2024 greiddu 3.119 einstaklingar samtals 74 m. kr. fyrir þrif. Ef hluti þessara einstaklinga greiddu raunkostnað fyrir þrif gætu árlegar tekjur aukist um 50-300 m.kr. Upphæðin ákvarðast af eftirfarandi þáttum: tekjumörkum og tekjudreifingu.

Dæmi: Ef 80% þeirra sem greiða nú fyrir þrif greiða óbreytt gjald en 20% einstaklinga greiða raunkostnað má áætla að tekjur aukist um 70 m.kr. á ári. Áætlað er að raunkostnaður vegna þrifa sé 8.874 kr. (athugið m.v. forsendur 2024). Verð fyrir þrif voru 1.600 kr. árið 2024, 1.655 kr. árið 2025 og er 1.715 kr. árið 2026. Verð fyrir umfangsmikil þrif eru 3.430 kr. árið 2026.

Athugið að ekki liggja fyrir gögn um tekjur notenda heimaþjónustu og því þarf að gefa sér forsendur um tekjudreifingu hópsins. Gert er ráð fyrir að ákveðið hlutfall notenda sé yfir skilgreindum tekjumörkum og greiði því raunkostnað fyrir þrif.





2. Aukinn samrekstur í sólarhringsúrræðum

Eftir að skýrsla HLH ráðgjafar frá 2024 kom út var settur saman starfshópur til þess að fara yfir og meta hagræðingartillögur. Eitt af því sem starfshópurinn mat var sparnaður við aukinn samrekstur í sólarhringsúrræðum. Niðurstaða hópsins var sú að það væri ekki æskilegt að fara einhliða í frekari samrekstur. Þörf væri á endurskipulagningu í vaktatöflum, samræmingu þjónustuflokka og endurdreifingu fjárheimilda samhliða frekari samrekstri, unnið er að þessum verkefnum af mikilli eljusemi.

Með slíkum breytingum er hægt að ná meiri hagræði og betri nýtingu fjármagns. Ef aðeins er litið á fækkun millistjórnenda, sem ekki er talið æskilegt eitt og sér, má reikna með því að áætlaður árlegur sparnaður yrði um 30 milljónir króna. Breytingarnar fela í sér fækkun stöðugilda forstöðumanna og samsvarandi fjölgun stöðugilda deildar- og teymisstjóra. Þessar breytingar geta hinsvegar ekki átt sér stað nema það fari fram umfangsmikil skipulagsbreyting.

3. Endurskoða samkomulag við ríkið vegna hjúkrunarheimila og stuðning við dagdvalir

Droplaugarstaðir er hjúkrunarheimili sem Reykjavíkurborg rekur fyrir eldra fólk sem getur ekki búið sjálfstætt og þarf á sólarhringshjúkrun og stuðningi að halda. Á heimilinu er veitt heilbrigðisþjónusta, sjúkra- og iðjuþjálfun auk félags- og tómstundastarfs og miðað að því að tryggja öryggi, velferð og lífsgæði íbúa.

Árlega greiðir velferðarsvið fyrir innri leigu vegna húsnæðis Droplaugarstaða, að öðru leyti er hjúkrunarheimilið rekið á daggjöldum frá ríkinu. Innri leiga 2025 var 220 milljónir. Kostnaður umfram fjárheimildir var 77 milljónir 2025 og heildarkostnaður Reykjavíkurborgar því 297 milljónir.

Rekstur hjúkrunarheimilis getur vart kallast lögbundin þjónusta sveitarfélagsins og má segja að Reykjavíkurborg hafi verið að greiða talsvert háar upphæðir til að halda þeim rekstri gangandi. Um er að ræða 83 rými ásamt þremur MND rýmum.

Rekstur á dagdeild Þorrasels hefur ekki staðið undir sér en nettó útgjöld vegna ársins 2024 voru tæpar 60 m.kr. Það sama á við árið 2025 en nú stendur kostnaður umfram fjárheimild í um 55 m.kr. Ef Grund tekur við rekstrinum þá sparar velferðarsvið 93 m.kr. á ársgrundvelli vegna reksturs en þar af er innri leiga 32 m.kr. sem fellur niður.



Reykjavík